

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um niðurgreiðslu aðgerða á tunguhafti.

Frá Guðrúnu Hafsteinsdóttur.

1. Hve háa fjárhæð hafa Sjúkratryggingar Íslands greitt vegna aðgerða á tunguhafti barna frá 1. janúar 2020?
2. Hafa Sjúkratryggingar Íslands hafnað niðurgreiðslu vegna tunguhaftsaðgerða á börnum frá 1. janúar 2020? Ef svo er, hversu mörgum?
3. Hversu mörg börn biðu 1. september 2022 eftir aðgerð á tunguhafti?
4. Hversu langur er meðalbiðtími eftir aðgerð á tunguhafti barna?
5. Hefur landlæknisembættið farið þess á leit við þá lækna sem bjóða upp á tungu- og vara-
haftsaðgerðir að þeir geti sýnt fram á þekkingu á því sviði?
6. Hvers vegna var starfsemi Tunguhaftssetursins stöðvuð af landlækni án þess að lagt væri
mat á gæði og árangur þeirrar meðferðar sem þar var veitt?
7. Hvernig er greiningu og meðferð á tunguhafti hjá ungbörnum á fæðingardeild og í ung-
barnaeftirliti háttáð?
8. Hvernig er greiningu og meðferð á tunguhafti hjá eldri börnum með talvanda háttáð?
9. Hvernig var nefnd sem vann að gerð klínískra leiðbeininga um aðgerðir á stuttu tungu-
hafti og efrivarahafti samansett?

Skriflegt svar óskast.